



Umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. desember 2010
Tilvísun: HI10110076/0.3

**Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga
(121. mál).**

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Háskólinn hefur áður gefið umsögn um sama frumvarp sem lagt var fram á Alþingi á 138. löggjafarþingi. Háskólinn telur jákvætt að stuðlað verði að aukinni samræmingu og samnýtingu opinberra landupplýsinga eins og áformað er í frumvarpinu. Miklu máli skiptir fyrir háskólann að gott aðgengi sé að landfræðilegum gögnum til nota við rannsóknir og kennslu. Að mati háskólans getur gjaldtaka sú sem heimiluð er skv. 11. gr. frumvarpsins skapað óþarfa hindranir við notkun gagna. Eðlilegt er að menntastofnanir á borð við Háskóla Íslands hafi aðgang að slíkum opinberum landfræðilegum gögnum án endurgjalds. Fullyrða má að slíkt sé hagkvæmt þegar til lengri tíma er litið og ýti undir og styrki rannsóknir og nýsköpun.

Að öðru leyti gerir háskólinn ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og hvetur til þess að það nái fram að ganga. Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að senda umsögn þessa.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur